

# Deiliskráning í Hrífunesi II

**Oddgeir Hansson**



**Fornleifastofnun Íslands**

**FS245-04132**

**Reykjavík 2005**



*Mynd á forsíðu er af núverandi bæjarstæði í Hrífunesi séð úr austri af Lambhúshól*

© Fornleifastofnun Íslands 2003  
Bárugötu 3  
101 Reykjavík  
Sími: 551 1033  
Fax: 551 1047  
Netfang: [fsi@instarch.is](mailto:fsi@instarch.is)  
Heimasíða: [www.instarch.is](http://www.instarch.is)

# Efnisyfirlit

<b>I. Inngangur .....</b>	<b>4</b>
<b>II. Löggjöf um minjavernd .....</b>	<b>5</b>
<b>III. Fornleifakönnun 2004 .....</b>	<b>7</b>
<b>IV. Niðurstöður.....</b>	<b>18</b>
<b>V. Heimildir .....</b>	<b>19</b>

## I. Inngangur

Fornleifakönnun á *Deiliskipulagssvæðum 2, 3 og 4* í Hrífunesi var gerð dagana 18.-21. maí 2004. Auk þess var kannað stæði fyrirhugaðs tengivegar á milli svæða 1 og 4.

Var það að ósk Odds Hermannsson landslagsarkitekts sem vinnur að deiliskipulagi vegna sumarbústaðabyggingar og er þetta annar verkhluti af tveimur, en áður hafði fornleifakönnun verið gerð á *Deiliskipulagssvæði 1* í lok nóvember 2003.<sup>1</sup>

Deiliskráning er fornleifaskráning sem miðar að því að staðsetja allar fornleifar á viðkomandi skipulagssvæði og er unnin samhliða deiliskipulagi. Tekin var saman skrá yfir allar þekktar fornleifar í landi Hrífuness. Á vettvangi tók rannsóknarsvæðið mið af skipulagi framkvæmda. Farið var nákvæmlega yfir skipulagssvæðin og fornleifar innan þeirra staðsettar. Í þessari skýrslu er greint frá árangri fornleifakönnunar og fylgja henni lýsingar á öllum skráðum minjastöðum. Elín Ósk Hreiðarsdóttir skráði fornleifar eftir fyrirliggjandi heimildum, Oddgeir Hansson vann vettvangsvinnuna og skrifaði skýrsluna, en verkið var unnið undir stjórn Adolfs Friðrikssonar fornleifafræðings. Landform á Selfossi vann kortið sem er aftast í skýrslunni. Skrásetjari vill þakka heimildamanni sínum Garðari Bergendal fyrir veitta aðstoð og starfsmönnum Landforms á Selfossi eru einnig færðar þakkir fyrir margvíslega aðstoð og hjálpsemi.

---

<sup>1</sup> *Deiliskráning í Hrífunesi I*

## II. Löggjöf um minjavernd

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Fornleifaskráning er tengd skipulagsgerð í þjóðminjalögum (nr. 107/2001) en þar segir í 11. gr.: „Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna“. Samkvæmt 10. grein þjóðminjalaga njóta allar fornleifar á Íslandi verndar: “Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.”

Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið í löggjöfinni. Mat á áhrifum skipulags á fornleifar gerir kröfur um fjölpætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. “Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa.” (9. gr.)

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem

er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu hefur verið fylgt við fornleifaskráninguna. Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 13. gr. Þjóðminjalaga segir m.a.: „Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er... Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.”

### III. Fornleifakönnun 2004

Hér að aftan er birt skrá yfir fornleifar sem fundust við vettvangskönnun á *deiliskipulagssvæðum 2, 3 og 4* í maí 2004. Einnig verður birt skrá yfir fornleifar sem skráðar voru í nóvember 2003 og er tilgangurinn að gefa lesendum að góða yfirsýn yfir verkið í heild.

*Deiliskipulagssvæði 2 og 3* eru samliggjandi, og eru þau vestast í landi *Hrífuness* beggja vegna *Hrútár* sem þar fellur frá norðri til suðurs. Mótast landslagið mjög af ánni og þvergiljum sem liggja að henni. *Deiliskipulagssvæði 3* sem er norðar, er austanmegin í svonefndum *Innri-Hrútaðölum* og rennur Hrúta meðfram vestari mörkum svæðisins. Að austanverðu afmarkast svæðið af hæðum sem liggja frá norðri til suðurs og nefnast einu nafni *Dalabryr*. Hlíðin austanmegin í *Innri-Hrútaðölum* er að mestu aflíðandi en endar þó í bröttum bakka niður við *Hrúta*. Skiptist hlíðin í fjórar torfur sem aðskildar eru af giljum sem liggja niður að ánni frá austri til vesturs. Nyrst er *Mýrartorfa* og er norðurhlið hennar jafnframt norðurmörk *Deiliskipulagssvæðis 3*. Næst suður af henni er *Hestatorfa* og því næst *Biðtorfa* og syðst er síðan *Þrengslatorfa*. Vestan og sunnan við *Þrengslatorfu* rennur *Hrúta* um þröng gljúfur sem nefnast einu nafni *Þrengsli*. *Þrengslunum* sleppir við svonefnt *Tvífossagil* sem liggur að *Hrúta* að austanverðu og taka þá *Fremri-Hrútaðalir* við. Eru þetta jafnframt nyrðri mörk *Deiliskipulagssvæðis 2* og skiptir áin því nokkurn vegin í tvennt. Helstu kennileiti meðfram austurjaðri svæðisins, talið úr suðri eru *Hesthóll*, *Hrafnshóll*, *Hrafnhólssker* og *Hrafnabjörg* en að vestanverðu *Innra-Hvítholt*, *Péturshóll* og stórt nafnlaust uppblásið svæði á milli þeirra. Suðurmörk svæðisins liggja síðan frá *Hesthóli* í gegnum *Fremra-Hvítholt* og að *Innra-Hvítholti*. Landslag í *Fremri-Hrútaðölum* eru frábrugðið *Innri-Hrútaðölum* að því leiti að hlíðarnar eru brattari og undirlendi talsvert meira, þó einkum syðst. Svipað gróðurfar er á báðum svæðunum. Hlíðar eru yfirleitt vaxnar þéttum og talsvert háum birkiskógi en hábungur holta og hæða eru aftur á móti ýmist uppblásnar eða vaxnar þykkum mosa auk þess sem breiður af lágvöxnu birki eru á stöku stað. Undirlendi er gjarnan votlent og gróður blandaður þar sem skiptast á mosagróður af ýmsu tagi, graslendi og birkikjarr.

*Deiliskipulagssvæði 4* er austast í landi *Hrífuness*. Syðri mörk svæðisins liggja frá Litlanesi í austri, norðan við austustu bæjarhúsin í *Hrífunesi*, og að nafnlausu gili sem hlykkjast frá norðri til suðurs um 200 m vestan við þjóðveginn. Þaðan liggur línan til norðurs eftir vestanverðum *Háskersbökkum*, yfir *Stórutorfu* vestanverða, vestan við *Smalahnúk* og að *Pottgljúfri* í norðri. Norðurmörk svæðisins fylgja síðan nokkurn vegin *Pottgljúfri* til austurs, austur fyrir þjóðveginn og að mýrilendi út við *Tungufljót* sem rennur frá norðri til suðurs

austan við Hrífunesland. Eystri mörk svæðisins fylgja síðan vesturmörkum mýrlendisins til suðurs þar til því sleppir og við taka sandeyrar sem nefnast einu nafni *Flögulón*. Eftir það liggja mörkin meðfram vestari mörkum *Flögulóns* og að *Litlanesi* sem áður hefur verið nefnt. Landslag á svæðinu einkennist af því að þar skiptast á hæðir og djúp gil sem hlykkjast um landið frá vestri til austurs og opnast út við *Flögulón*. Er þetta í samræmi við halla landsins sem í megindráttum er til austurs. Gróðurfar er í megindráttum svipað því sem áður var lýst á *Deiliskipulagssvæðum 2* og *3*. Brekkur eru yfirleitt vaxnar þéttum birkigróðri en gróður er meira gisinn og blandaður á hæstu bungum. Á þessu er þó undantekning syðst á svæðinu, nánar tiltekið á *Litla-Nesi* og vestur frá því, þar sem gróður er yfir höfuð blandaður.

Það skal tekið fram að ekki lá fyrir nákvæm staðsetning á fyrirhugaðri sumarhúsabyggð á þessum skipulagssvæðum þegar fornleifakönnun var gerð í maí 2004. Því teljast allar minjar innan þeirra í hættu vegna framkvæmda þar til skýrari mynd fæst af staðsetningu byggðarinnar. Eftir það er einsýnt að hættumatið muni þurfa endurskoðunar við.

## SF-188 Hrífunes (Hrísnes)

12 hdr. 1695. "Hrífunes var 12 hundruð að fornu mati en 16,9 hundruð 1861.[...] Jörðin var Þykkvabæjarlaustursjörð." segir í Sunnlenskum byggðum.

"...einkar góð sauðjörð, hrosshagalítill á vetrum, skógarjörð besta, en heyskaparlaus nema að túnum, sem þó brjótast upp af áðurnefndri á [Hólmsá]" segir í Sýslu og sóknarlýsingum, 204. "Jörðin er landstór og landið að meiri hluta kjarri vaxið. [...] Sagnir eru um það að Hrífunes muni hafa verið með stærstu skógarjörðum á Íslandi. Jörðin var talin góð bújörð, sérstaklega fyrir góða vetrararbeit fyrir sauðfé á meðan hún var notuð. Kötluhlaupið 1918 tók af allar útengjar Hrífuness." segir í Sunnlenskum byggðum VI, 265. "Hafa klaustrin haft frítt skógarhögg í Hrífunesskógi" JÁM XIII, 477

### SF-188:001 Hrífunes bæjarhóll bústaður

63°38.307N 18°29.903V

"Gamla túnið í Hrífunesi var í svonefndum Bæjardal (1), sem liggur á mótum suðri og nær neðan frá Hólmsá (2) og nálega upp undir veg. Áin hefur brotið af því, svo að þurft hefur að flytja bæinn ofar. Það var gert 1938. Gamli bærinn, sem byggður var 1904, stendur enn." segir í örnefnaskrá. Í sömu lýsingu segir: "Eldhúskinn (167) heitir austan við gamla bæinn." Gamla bæjarhóllin í Hrífunesi er fremst í Bæjardal, á bökum Hólmsár, um 500 m suðaustur frá íbúðarhúsinu sem byggt var 1938 og er austast bæjarhúsanna í Hrífunesi. Íbúðarhúsið, sem byggt var 1904 og sagt er frá í örnefnalýsingu er nú horfið.

Í túni á árbakka.

Bæjarhóllin er um 100 x 50 m að stærð og um 2,5 m á hæð að norðanverðu. Ekki er vitað nákvæmlega hvar á bæjarhólnum gamli bærinn stóð, en íbúðarhúsið sem byggt var 1904 stóð fast norðan við hóllinn. Samkvæmt fornnum heimildum var bænhus í Hrífunesi en ekki er vitað hvar það stóð. Þó er líklegt að það hafi verið í heimatúninu nálægt bænum. Þrátt fyrir að búið sé að slétta yfir þau mannvirki sem á bæjarhólnum voru má enn sjá móta fyrir þeim, þótt ekki sé hægt að greina nákvæma lögun einstakra bygginga. Hólmsá hefur smátt og smátt verið að éta úr bakkanum og er einsýnt að þær fornleifar sem í bæjarhólnum leynast eru í talsverðri hættu af þeim sökum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vatnsaga

**Heimildir:** Túnakort 1920 og Ö-Hrífunes, DI III 235; DI IV 237, AM 263 fol. bl. 93



Ljósmynd 1: Gamla bæjarstæðið (SF-188:001) í Hrífunesi séð úr norðvestri



**SF-188:009** tóft fjárhús

63°39.052N 18°30.209V

"Norður af Borgargili neðst er Þrætutunga...Gilið, sem er í áframhaldi af Borgargili og liggur milli stóra Hrísdals og Þrætutungu, mun hafa verið kallað Þrætutungugil (25) [Þrætutungugil og Borgargil liggja samsíða á um 300 m löngum kafla til austurs frá Þjóðveginum en sameinast þá, skammt fyrir vestan tjaldstæðið í Borgargili]...Norðaustur af Stórutorfu, upp af Þrætutungu, er Smalahnúkssker (35), lítið gróið. Þar eru rústir eftir fjárhús, sem húsmáður í Hrífunesi átti. Smalahnúkur (36) er klettahaus austur af Smalahnúksskeri og upp af Fremri-Áshól. Til að sjá er Smalahnúkur líkur hússtafni." segir í örnefnaskrá. Fjárhústóftin er í aflíðandi brekku um 50 m vestan við Þjóðveg, nánast beint upp af vestari enda Þrætutungugils. Tóftin er um 140 m suðvestur frá Smalahnúk og um 1 km norður frá íbúðarhúsinu sem byggt var 1938 og er austast bæjarhúsa í Hrífunesi.




Ljósmynd 2: Tóft SF-188:009, séð úr norðvestri

Í kjarri vaxinni brekku.

Tóftin sem er einföld er um 6x5 m að stærð, og snýr suðaustur-norðvestur með dyr á suðausturvegg. Tóftin er grjóthlaðin og er hleðsluhæð mest um 1 m. Veggirnir eru bogadregnir svo tóftin er næstum hringlaga. Hleðslurnar eru grónar kjarri mosa og lyngi.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Hrífunes, 2



Teikning 1: Tóft SF-188:009

**SF-188:010** hleðsla fjárskýli

63°38.257N 18°31.305V

"Suður af Silungagili er Staðarmannatorfa (78), sem í daglegu tali var nefnd Staðmannatorfa (79). Syðst í henni er Staðmannatorfuhús (80), sem ber þar hæst. Sunnan við hana er gil, og þar sunnan við er Bóltorfa (81). Niður af henni er Kötlugilsból (82), hellisskúti, sem reft var yfir, um það bil á móts við, þar sem Krákugil kemur í Kötlugil. Þetta var fjárból, sem nú er hrúnið, en sjá má, hvar það var." segir í örnefnaskrá. Skútinn er fast norðvestan við gamlan akveg sem liggur úr norðaustri ofan í Kráku- og Kötlugil þar sem þau koma saman. Skútinn er í Kötlugili, á vesturbakka Kötlugilsgilslækjar. Gömul timburbrú er þar en örskammt norðvestan við hana er bólið.


Gróin lægð á mótum tveggja gilja. Lækur rennur úr Kötlugili úr norðnorðvestri. Krákugil liggur úr austnorðaustri. Saman liggja svo gilin til suðvesturs og svo suðurs.

Klettur gengur fram, til norðausturs, út úr hól.

Undir klettinum er grunnur og lágur skúti, 4 m djúpur þar sem hann er dýpstur og 2 m hár fremst en snarlækkar inn. Breiddin (N-S) er um 7 m. Við norðurmörk klettsins hefur verið hlaðinn veggstubbur úr torfi og grjóti, 3 m langur austur-vestur. Veggurinn er hlaðinn inn í landið. Ekki er að sjá hleðslur að sunnan en þar liggur gamli vegurinn sem líklega hefur raskað bólinu.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Hrífunes, 3



Teikning 2: Fjárskýli SF-188:010

**SF-188:011** tóft

63°38.360N 18°30.664V


Um 350 m suðvestan við eldra bæjarhúsið á Hrífunesi og um 20 m NNV við sambyggða hlöðu og fjárhús (steypt) eru tóftarbrot, fast norðan malarvegur sem liggur frá Þjóðvegi og heim að Hrífunesi. Tේður malarvegur var eitt sinn Þjóðvegur 1 en er það ekki lengur.

Sléttað svæði er hallar frá vegi (áður Þjóðvegi 1) til vesturs.

Ógreinilegt mannvirki. Suðausturveggur er greinilegastur. Hann er 5 m langur en 0,4 m hár. Suðvesturveggur er greinilegur í um 4 m en breytist þar eftir, til norðurs, í garð sem hefur að öllum líkindum verið undir girðingu. Innri brún norðausturveggjar er greinileg er ytri brúnin fjarar út og rennur saman við landið sem hækkar allt örlítið. Ekkert grjótt er sjáanlegt í tóftinni. Op er í suðurhorni; suðaustast í suðvesturvegg þar sem kindastígur liggur yfir tóftina.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Hrífunes, 4



Teikning 3: Tóft SF-188:011

**SF-188:012** Borgartorfa heimild

63°38.850N 18°33.779V

"Sunnan við skerhrygginn eru Fauskalækjarbotnar (106), þar sem Fauskalækur á upptök sín. Norðan við Gluggasteinsgil er Borgartorfa (107) niður að Hrutá. Þar voru tvær hringlaga hleðslur, aðallega úr hnausum eða torfi. Hin efri er að mestu upp blásin." Borgartorfa er hár og brattur bakki sem liggur niður að Hrutá á milli Gluggasteinsgils og Tvífossagils, nánar tiltekið þar sem Hrutá fellur úr svonefndum Þrengslum og Fremri-Hrutadalir taka við. Þessi staður er um 3 km VNV frá bæ.

Borgartorfa er vaxin þéttum og hávöxnum birkiskógi í brekkum en á hábungunni þynnist gróðurinn talsvert og er þar meira um mosagróður. Nyrst á hábungu torfunnar, endar gróðurbeltið í háu rofabarði og við tekur örfoka melur sem nær að Tvífossagili.

Hleðslurnar sem sagt er frá í örnefnalýsingu fundust ekki við vettvangskönnun vorið 2004 þrátt fyrir ýtarlega leit. Ekki er samt útilokað að þær séu faldar í hinum þetta birkiskógi sem byrgir alla sýn og gerir svæðið erfitt yfirferðar. Eins er mögulegt að ef rústírnar voru á þeim slóðum þar sem uppblásturinn er nyrst á Borgartorfu, að þær séu nú með öllu horfnar og það hafi gerst eftir að örnefnaskráin fyrir Hrífunes var rituð.


**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Hrífunes, 4

**SF-188:013** Borgargil tóft

63°38.979N 18°29.791V

"Austan og norðan við gamla bæinn [001] er Bæjargil (3). Austan við það er talsverð hæð sem heitir Nes (4). Þar eru nokkur örnefni. Næst Bæjargili er hæðartangi, sem gengur út að Hólmsá og heitir Litlanes (5). Norðvestan við það er gil, sem heitir Kusugróf (6). Hún liggur út að Bæjargili. Norður með henni er Langarof (7), sem er nokkuð stór torfa. Meðfram því að vestan var rofbakki, sem nú er að mestu upp gróinn. Norðaustan við Litlanesið er gil, sem liggur til suðausturs og heitir Hamragil (8)...Þá er Miðtorfugil (10) og þar næst Miðtorfa (11). Í framhaldi af Hamragili, vestur af Miðtorfu, eru moldarrof, sem heita Sjónarhólsrof (12). Í norðvestur af þeim er hóll með tveimur smáþúfum á. Hann heitir Sjónarhóll...Norðaustan við Miðtorfu er Setagil (14) og þar næst Setatorfa (15), nokkuð stór torfa...Ofan við Miðtorfu og Setatorfu er svæði sem heitir Seti (18). Milli Setans og Sjónarhóls er lág, sem heitir Helgalág (19)... Hún gengur upp úr Borgargili (20), sem er norðaustur af Setalág og norður af Seta. Þangað nær Nesið. Eftir gilinu fellur smálækur sem nefnist Borgargilslækur. Norður af Borgargili neðst er Prætutunga...Gilið, sem er í áframhaldi af Borgargili og liggur milli stóra Hrísdals og Prætutungu, mun hafa verið kallað Prætutungugil (25) [Prætutungugil og Borgargil liggja



Teikning 4: Tóft SF-188:013

samsíða á um 300 m löngum kafla til austurs frá Þjóðveginum en sameinast þá, skammt fyrir vestan tjaldstæðið í Borgargili]" Þrætutungugil sameinast Borgargili að norðanverðu skammt vestur af tjaldstæði sem þar er. Þar við er dálftil torfa og á henni er myndarleg tóft sem er um 1 km norðaustan við íbúðarhúsið sem byggt var árið 1938.

Á dálftilli torfu í lækjargili sem er vaxið birkikjarri.

Tóftin sem er tvískipt er um 11x13 m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Hleðsluhæð er mest um 0,5 m. Norðausturhólf tóftarinnar er um 11x8 m að utanmáli og liggur það því sem næst ASA-VNV. Á því er ekki að sjá op. Suðvesturhólfið er um 5x4 m að utanmáli og opið í suðvesturenda. Tóftin er öll vaxin þétu birki og því er erfitt að koma auga á hana úr fjarlægð en þó verður hún greinileg þegar uppá torfuna er komið. Einnig er erfitt að segja til um það úr hvaða byggingarefni (torfi eða grjóti) þetta mannvirki er þar sem alveg er gróið yfir hleðslur. Ekki fundust aðrar fornleifar í Borgargili en mögulegt er að tóftin sé leifar borgar þeirrar sem gilið heitir eftir.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Hrífunes, 1-2

### SF-188:015 tóft beitarhús

63°37.979N 18°32.956V

"Austan við Hesthól er smágil, nafnlaust, og nokkru austar er Skallagil (149), grunnt gil. Jóhann Pálsson heldur, að nafnið sé til komið af því, að þar hafi sauðum verið gefið á skalla. Í gilinu er mjög veðursælt. Beitarhús var skammt frá því. Þar er nú mikið upp blásið." segir í örnefnaskrá. Fast sunnan við Hrafshól, sem er sunnan við Hrafshólssker, eru beitarhús í hlíðarrótum hólins, u.þ.b. 2,5 km vestsuðvestur af gamla Hrífunesbænum.

Mjög þétt kjarr og hrís. Breið brekka sem vísar mót suðri. Sér vel yfir Hólmsána í suðri og flatlendið þar suður af.

Tóftin er vel varðveitt og falleg. Um er að ræða garðahús með heygryfju (hlöðu) við N enda. Tóftin er 15 m N-S, og 6 m á breidd. Fjánhúsið er hlaðið úr grjóti - stóru grjóti og köntuðu. Veggir að jafnaði um 1,1 m á hæð og 0,7 m þykkir. Hlaðið er yfir dyrnar á suðurgafli og er sú hleðsla hærri en hinar. Garði er fyrir miðju, 0,3 m hár og algróinn grasi og mosa. Veggur milli fjárhúss og hlöðu er ekki nema stubbar sitt hvoru megin (en hugsanlega hefur þar verið timburpil). Hlaða er heldur dýpri en fjárhús og eru grjótveggir hennar töluvert hrundir. Hlaðan er byggð inn í hlíð hólins.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Hrífunes, 6



Ljósmynd 3: Inn í beitarhúsatóft. SF-188:015

### SF-188:019 Lambhúshóll heimild um lambhús

63°38.538N 18°30.122V

"Upp eða norður af [Stekkatúni 018] er Lambhúshóll (178), brattur hóll. Uppi á honum sést móta fyrir tóftum. Hóllinn var grasgefinn, en nú hefur mikið gengið á hann vegna uppblásturs." segir í örnefnaskrá. Í grein Þórs Magnússonar í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1983 segir: "Austan við Bæjargilið, sem er fyrir austan Hrífunesbæinn, rís áberandi og brattur hóll, Lambhúshóll kallaður." Lambhúshóll er á eystri barmi Bæjargils um 220 m austnorðaustur frá íbúðarhúsinu sem byggt var 1938 og er austast af bæjarhúsunum í Hrífunesi. Hringlaga tóft var efst á hólnum en hún var sléttuð um eða uppúr 1950.

Hár og mikill grasi vaxinn hóll á gilbarmi.

"En þess ber að minnast að á áður nefndum Lambhúshóli var nokkurn veginn kringlótt tóft, miklu minni en hringurinn í Langarofi. Árni í Hrífunesi segir að þau systkin hafi furðað sig á að tóft skyldi vera þarna uppi á hólnum, en eftir að hann fann Langarofstóftirnar þótti honum því líkast sem Lambhúshólstóftin hefði tilheyrt þeim. Veggir þeirrar tóftar voru máðir út við jarðabótavinnu, en trúlegt að neðri lög hennar, t.d. gólf sé þar enn undir sverði." segir enn fremur í grein KE.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Ö-Hrífunes, 6 og ÞM. 1983, 20-21

### SF-188:020 garðlag túngarður

63°38.534N 18°30.333V

Túngarður var umhverfis tún í Hrífunesi. Leifar hans má sjá um 25 m norður af íbúðarhúsinu sem byggt var árið 1938. Garðurinn liggur ANA-VSV.

Í túnjaðri.

Túngarðurinn er um 90 m langur og er austnorðaustur-endi hans út við Bæjargil en vestsuðvestur-endinn er skammt vestan við trjálund sem er norðan við íbúðarhúsið frá 1938. Breidd garðsins að neðanverðu er um 1 m en að ofan er hún um 0,5 m. Hleðsluhæð er mest um 1 m. Garðurinn sem er hlaðinn úr torfi og grjóti lítur ekki út fyrir að mjög gamall og sést hann ekki annarsstaðar meðfram túninu í Hrífunesi.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



Ljósmynd 4: Túngarður SF-188:020, horft úr norðaustri

### SF-188:027 tóftir


"Austan við Bæjargilið, sem er fyrir austan Hrífunesbæinn, rís áberandi og brattur hóll, Lambhúshóll kallaður. Austur frá honum er aflíðandi brekka, en ekki brött, vaxin grasi og lyngi og smáhrís hér og hvar, gróðurfar sem er algengt hér um slóðir. Þarna heitir Langarofi og má komast þannig að orði að tóftirnar séu nyrst á Langarofi, á að giska um 500-600 m fyrir austan austari Hrífunesbæinn, þann sem byggður var fyrst á þessum stað 1938." Segir Þór Magnússon í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1983. Tóftirnar eru friðlýstar og segir um þær í Friðlýsingaskrá: "Grónar tóftir af aflöngu húsi (skála?) og stórum hring nyrst á svokölluðu Langarofi, beint austur af háum hól, Lambhúshóli sem aftur er beint austur af Hrífunesbæjum þar sem þeir eru nú (1981)." Tóftirnar eru um 360 m austnorðaustur frá íbúðarhúsinu sem byggt var 1938.

Aflíðandi brekka vaxin grasi, lyngi og kjarri.

Í grein Þórs Magnússonar Árbók fornleifafélagsins 1983. segir : "Nú er spurt hvort Hrífunesbærinn hafi verið einhversstaðar annarsstaðar í öndverðu. Og svo vill til, að nú höfum við svar á reiðum höndum - ekki fullgilt svar, en gjaldgenga tilraun til svars. Þegar ég var í Hrífunesi dagana 28.-29. september 1981, sagði Árni Jónsson mér frá tóftum sem hann hefði fyrst komið

auga á fyrir 6-8 árum. Hann er fæddur í Hrífunesi og foreldrar hans bjuggu þar á undan honum. Hann þekkir þar landið allt eins og hendurnar á sér. Hann furðaði sig mjög á að hvorki hann né neinn annar úr fjölskyldunni skyldi fyrr hafa tekið eftir þessum minjum. Ástæðan var vitanlega sú að veggir tóftanna voru mjög útflattir og skáru sig að gróðurfari alls ekki frá umhverfinu. Bæði af því og að lögun tóftanna réð Árni að minjarnar hlytu að vera mjög gamlar. Ég skoðaði minjarnar strax 28. september og aftur 4. okt., mældi þær svona nokkurn veginn og gerði meðfylgjandi yfirborðslýsingu:.. [...]. Ekki er ofsögum sagt af því að veggir tóftanna séu mjög útflattir og því hægðarleikur að ganga yfir þær án þess að taka eftir þeim. Aftur á móti forklárast þær fyrir augum manns þegar einu sinni er búið að beina sjónum að þeim. bæði hin aflanga tóft og hringurinn stóri. Ekki er unnt að mæla tóftirnar nákvæmlega, þar sem veggir renna út í umhverfi sitt. Aflanga tóftin er um 15 m löng út á miðja vegg og um 6 m breið um miðju en mjókkar greinilega til beggja enda, er sem sagt sporöskjulöguð, snýr A-V. Dyr hafa verið á suðurhlíð, að því er virðist nær vesturenda, en óskýrt er það. Kringlóttá tóftin, eða hringurinn, er frá 9 og upp í ríflega 10 m í þvermál, einnig mælt nokkurn veginn á miðja vegg, sýnist í fljótu bragði nær reglulega kringlóttur, dyr sjást ekki með vissu. Þessi tóft er norðvestur af vesturgafli aflöngu tóftarinnar og aðeins um 9 m á milli þeirra. Engar fleiri tóftir eru sýnilegar þarna í kring, þótt jafnan beri að hafa í huga hina miklu jarðvegsmýndun, sem þó er hvergi nærri eins hröð þarna upp frá eins og niðri við kumlateiginn. En þess ber að minnast að á áður nefndum Lambhúshóli [019] var nokkurn veginn kringlótt tóft, miklu minni en hringurinn í Langarofi. Árni í Hrífunesi segir að þau systkin hafi furðað sig á að tóft skyldi vera þarna uppi á hólum, en eftir að hann fann Langarofstóftirnar þótti honum því líkast sem Lambhúshólstóftin hefði tilheyrt þeim. Veggir þeirrar tóftar voru máðir út við jarðabótavinnu, en trúlegt að neðri lög hennar, t.d. gólf sé þar enn undir sverði.

63°38.560N 18°29.955V



Teikning 5: Tóftir SF-188:027

Geta ber þess að Þjóðminjavörður sá Langarofstóftir 4. okt. 1981. Voru tóftirnar síðan friðlýstar og friðlýsingamerki sett upp. Áður hafði Árni í Hrífunesi merkt þær og friðlýst á sinn hátt með því að leggja steinaröð ofan á veggina til þess að þeir sæjust betur og minni hætta væri á að neitt ófyrirsjáanlegt raski yrði þeim að grandí. Alls enginn rannsókn hefur verið gerð á þessum nýfundnu minjum. En enginn sem sér þær getur varist þeirri hugsun að þarna hljóti að vera skáli frá fornöld. Til hvers hringurinn er skal ósagt látið. Ef til vill er hann fjárrétt, en svona tilgátur út í bláinn stoða lítið. Aðalatriði málsins er það, að mér finnst líklegt að þarna á Langarofi, sem nú heitir, hafi menn í upphafi reist bæ, búið þar í einhvern tiltölulega skamman tíma, síðan flutt bæjarstæðið af einhverjum ástæðum (vatnsburður er t.d. nokkuð langur og erfiður)." Tóftirnar eru mikið signar og er líklegt að þær væru alveg horfnar hefði Árni bóndi í Hrífunesi ekki raðað steinum ofan á veggina. Friðlýsingamerkið sem Þjóðminjavörður lét setja upp árið 1981 er nú horfið ásamt því að tekið er að gróa yfir steinana sem Árni lagði. Því er mikilvægt að merkja þessar rústir vel og það sem fyrst svo staðsetning þeirra gleymist ekki. Heildarstærð svæðisins sem rústirnar ná yfir er um 35 x 18 m.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** ÞM, 1983, 19-21 og Friðlýsingarskrá, 63.

**SF-188:030** vegur leið 65°38.262N 18°31.184V

Þar sem Kráku- og Kötlugil koma saman er timburbrú á gömlum akvegi. Sjá "Fjárskýli" 010.

Gróin lægð á mótum tveggja gilja. Lækur rennur úr Kötlugili úr norðnorðvestri. Krákugili liggur úr austnorðaustri. Saman liggja svo gilin til suðvesturs og svo suðurs.

Vegurinn greinist frá núverandi vegi heim að Hrífunesi til norðvesturs, liggur ofaní Krákugil og aftur upp og þá í sneiðing upp úr giljunum (Kötlu- og Krákugiljum sameinuðum) til suðausturs og svo austurs. Brúin á Kötlugilslæk er 5 m NA-SV og 2 m breið. Brúargólfíð er úr timburröftum, þverbitar undir því eru úr járni og sitja á timburstaurum sem reknir hafa verið niður. Timburverk er farið að fúna. Mokað hefur verið úr brekkunni (að sunnanverðu) fyrir veginum. Ekki er fullvíst að þessi mannvirki, brúin eða leiðin, séu svo gömul að þau teljist til fornleifa skv. skilgreiningu Þjóðminjalaga.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**SF-188:031** [Heimarafstöð] mannvirki 63°38.267N 18°31.362V

Á vesturbakka Kötlugilslækjar er lítið steipt mannvirki 10-30 m frá 010 og 030.

Í Kötlugili, rétt norðan við þar sem Krákugilið kemur samanvið það. Lítil grund vestan við læk.

Suðvesturgafll er með burst, 0,9 m hár, steiptur og 2 m langur. Norðaustur frá honum ganga 2 langveggir, steiptir, 3 m langir og ná út í læk - hæð um 0,4 m. Húsið er opið til norðausturs (í lækinn). Ekki er víst að heimarafstöðin sé svo gömul að hún teljist til fornleifa skv. skilgreiningu Þjóðminjalaga.


**Hættumat:** hætta, vegna vatnsaga

**SF-188:032** [Heimarafstöð] mannvirki  
Upp með Kötlugilslæk er önnur rafstöð, norðvestar en 031. Rafstöðin er á norðaustur lækjarbakkanum um 120 m norðvestur af 031.

63°38.324N 18°31.389V

Lítill gróin grund á norðausturbakka Kötlugilslækjar. Norðar og austar er brött brekka Kötlugils hrísi vaxin.

Húsið hangir uppi, hlaðið úr torfi og grjóti með bárujárnri undir torflagi á þekju. Húsið er 4 m NA-SV og 3 m á breidd. Hæð upp undir mænissás er 1,3 m. Dyr eru á norðurgafli sem eru úr timbri. Gömul járnþela er í húsinu og timburtafla með 2 postulínsinnstungum. Nyrt á vesturhlíð gengur járnör (stokkur) út úr húsinu og út í læk. Húsið stendur á blábakkanum og hefur safnast vatn norðan við húsið, sennilega manngert lón þannig að vatn umlykur húsið á alla kanta nema að austan, en þar er þurrlendisræma. Ekki er víst að þessi heimarafstöð sé svo gömul að hún teljist til fornleifa skv. skilgreiningu þjóðminjalaga.



Teikning 6: Heimarafstöð SF-188:032

**SF-188:033** garðlag

63°38.187N 18°31.586V

Vestan við Kötlugil, uppi á gilbakkannum, er garðlag. Í stefnu við Krákugil, þ.e., frá staðnum sér inn eftir Krákugili til austnorðausturs.

Þétt birkikjarr; hrísi vaxið land.

Samtals er garðurinn 675 m. Garðurinn hefst í litlum gilskorningi vestan við Kötlugil og (A) liggur í VSV og svo SV en garðlagið beygir síðan aðeins meira til suðurs (B). Síðar tekur það vinkilbeygju til suðausturs (C) í 50 metra og þá hverfur garðurinn að suðvestanverðu við töluvert stóran gilskorning. Garðurinn er, breiðastur 0,5-1 m, og hæstur 0,6 m en 0,4 m að jafnaði. Lengd frá A-B, 420m, B-C 205m, C-D, 50 m.

**Hættumat:** hætta, vegna vatnsaga

**SF-188:034** garðlag áveita

65°38.228N 18°32.282V

Sex áveitugarðar eru í Austur-Hrafnshólmýri og Vestur-Hrafnshólmýri, þó fleiri í þeirri fyrnefndu. Mýrarnar eru innarlega (norðnorðvestarlega) og vestan við Kötlugil, rétt rúmlega 1,5 km vestan við gamla Hrífunesbæinn.

Marflöt og blaut mýri sem er skipt í tvennt, í Vestari- og Austari-Hrafnshólmýri, af hrístungu sem teygir sig úr suðri til norðurs.

Áveitugarðarnir eru svo gott sem beinir, 0,5-1m á breidd og 0,3-0,6 m á hæð. Ekkert grjót er sjáanlegt í gördunum. Samanlögð lengd áveitugarðanna eru rétt tæpir 900 m, á svæði sem er um 350 m N-S og um 400 m A-V.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



Ljósmynd 5: Áveitugarðar. SF-188:034

**SF-188:035** garðlag

63°38.338N 18°32.477V

Áveitugarðar eru flestir í Austur-Hrafnshólsmýri en líka í Vestur-Hrafnshólsmýri. Mýrarnar eru innarlega (norðnorðvestarlega) og vestan við Kötlugil. Garðlagið liggur á milli A- og V-Hrafnshólsmýra, og snýr NNV-SSA.

Marflöt og blaut mýri sem er skipti í tvennt, í Vestari- og Austari-Hrafnshólsmýri, af hrístungu sem teygir sig úr suðri til norðurs. Garðlagið liggur á milli mýranna, NNV-SSA, og gæti hafa gegnt einhverju öðru hlutverki en áveitugarðarnir því garðurinn er ólíkur hinum górdunum að lögun og legu. Hann er tölvert hærri og er mestanpart á þurrlendi, NNV frá hrístungunni að sunnan sem skiptir mýrarsvæðinu í tvennt, og nær NNV útfyrir mýrina, að hrísivaxinni brekku. Garðurinn er rétt um 80 m langur og breiddin að jafnaði um 1 m.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



Mynd 6: Garðlag. SF-188:035

**SF-188:036** gata leið

63°38.628N 18°33.214V

Gata er uppi á hálandisbrúninni ofan (norðan) við svæðið umhverfis Kötlugil, sem er aflíðandi hvammur, enda kallað Hvammur í örnefnaskrá.

Fremur flatt heiðaland: mosi, grjót og lyngblettir.

Jeppavegur liggur NV-SA en meðfram honum á kafla má greina reiðgötur, fimm paldra mest. Önnur gata, tveir paldrar, sker téðan slóða og liggur hún A-V.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda



**SF-188:037** *Borgin* þúst

63°38.239N 18°31.243V

"Rústir á Hestatorfu eru friðlýstar sbr. Friðlýsingaskrá: "Allar rústir á svonefndri Hestatorfu, sem er á tunganum milli Krákugils og Kötlugils." Hestatorfa er á tanga á milli Krákugils og Kötlugils um 150 m norður frá Þjóðvegi þar sem hann liggur yfir Kötlugil og um 860 m vestsuðvestur frá íbúðarhúsinu sem byggt var 1938. Á Hestatorfu er gamall kofi sem lengi vel var notaður sem sumarhús og örskammt vestur af honum er stór og mikil rúst.

Hestatorfa er öldótt og vaxin kjarri, mosa og grasi.


Borgin er myndarlegur hóll með hringlaga geil í miðjunni. Hóllinn sem er nánast hringlaga er um 23 m í þvermál og um 1,5 m á hæð. Geilin í miðjum hólnum er um 7 m í þvermál að innanmáli og um 1 m að dýpt í miðju og opnast hún í suðvestur. Þessi rúst er í daglegu tali nefnd "Borgin" og er því mögulega leifar gamallar fjárborgar. Ekki fundust aðrar rústir á Hestatorfu við vettvangskönnun árið 2004.

**Hættumat:** hætta, vegna framkvæmda

**Heimildir:** Friðlýsingaskrá, 63



Ljósmynd 5: "Borgin" SF-188:037 séð úr suðvestri



Teikning 7: "Borgin" SF-188:037

## IV. Niðurstöður

Alls voru skráðir 8 minjastaðir í *Hrífunesi* í maí 2004. Þar af er einn á *Deiliskipulagssvæði 2* (SF-188:012) og fimm á *Deiliskipulagssvæði 4* (SF-188:009, 013, 019, 020, 027), auk þess sem ein staður var skráður á *Deiliskipulagssvæði 1* (SF-188:037). Einnig var gamla bæjarstæðið í *Hrífunesi* skráð (SF-188:001), en þótt það sé ekki innan fyrirhugaðra framkvæmdasvæða er það í talsverðri hættu vegna nálægðar við *Hólmsá* og fær það því að fylgja með hér.

Eitt gamalt mannvirki fannst ekki við vettvangskonun þótt staðsetning þess sé nokkurn veginn þekkt. Það er hringlaga rúst úr torfi (SF-188-012) sem samkvæmt örnefnalýsingu á að vera á svonefndri *Borgartorfu* í botni *Fremri-Hrútaðala* sem eru innan *Deiliskipulagssvæðis 2*. Þetta svæði er að miklu leyti gróið þéttum birkiskógi sem byrgir alla sýn og því er vel mögulegt að rústin leynist þar þótt ekki hafi hún fundist að þessu sinni. Borgartorfa er blásinn upp að hluta og er einnig mögulegt að ef tóftirnar voru á því svæði, að þær séu nú horfnar með öllu. Einn minjastaður var skráður þar sem mannvirki eru horfin vegna sléttunnar. Það er hringlaga rúst (SF-188:019) á svonefndum *Lambhúshól* sem er á eystri barmi Bæjargils, skammt austur frá austasta íbúðarhúsinu í *Hrífunesi*. Þótt rústin sjáist nú ekki á yfirborði eru líkur á því að leifar hennar geti leynst undir yfirborði og því ber að sýna aðgát við jarðrask á þessum stað. Helstu tegundir fornleifa sem skráðar voru innan hinna fyrirhuguðu framkvæmdasvæða eru: Fjárhús (1), tóftir með óskilgreint hlutverk (4), lambhús (1) túngarður (1) Þessum fornleifum stafar hættu af ýmsu umróti sem fylgir framkvæmdum sem þeim sem fyrirhugaðar eru í *Hrífunesi*, svo sem umferð stórvirkra vinnuvéla. Auðveldlega má komast hjá því að raska þeim með því að merkja þær áður en framkvæmdir hefjast. Auk þess er nauðsynlegt að hafa í huga þann möguleika að fleiri minjar en þær sem hér hafa verið skráðar, leynist á fyrirhuguðum framkvæmdasvæðum sem ekki eru þekktar og sjást ekki á yfirborði. Fornleifavernd ríkisins mun skera úr um nauðsynlegar mótvægisáðgerðir til verndunar minjanna.

## V. Heimildir

Óprentaðar heimildir:

**Ö-Hrífunes.** Örnefnaskrá Hrífuness. Guðrún S. Magnúsdóttir skráði. Örnefnastofnun Ísleif, gagnasafn um íslenskar fornleifar. Fornleifastofnun Íslands.

**Túnakort:** Túnakort fyrir Leiðvallarhrepp 1920. Þjóðskjalasafn Íslands.

Prentaðar heimildir:

Adolf Friðriksson og Kristján Eldjárn: *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi* Reykjavík 2000

**DI:** *Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár er snerta Ísland eða íslenzka menn, I-XVI*, Kaupmannahöfn og Reykjavík 1857-1950

Gísli Gestsson: “Kumlateigur í Hrífunesi í Skaftártungu III” *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1983*, 28-30

Guðrún Larsen og Sigurður Þórarinnsson: “Kumlateigur í Hrífunesi í Skaftártungu IV” *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1983*, 31-47

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XIII: Fylgiskjöl.* Reykjavík. 1990

**JJ:** J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847

Kristján Eldjárn: “Kuml úr heiðnum sið, fundin á síðustu árum” *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1965*, 59-62

Kristján Eldjárn: “Kumlateigur í Hrífunesi í Skaftártungu I” *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1983*, 6-21

*Sunnlenskar byggðir VI: Skaftárþing.* [án útgáfustaðar] 1985.

*Sýslu og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-173*, Reykjavík 1997.

Sædis Gunnarsdóttir og Uggi Ævarsson: *Deiliskráning í Hrífunesi I.* Fjölrit. Reykjavík 2003.

Þór Magnússon: “Kumlateigur í Hrífunesi í Skaftártungu II” *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1983*, 22-27